

Mánudaginn 23.04.2012 kl 12:00 var haldinn 5. fundur starfshóps sem sveitarstjórn Húnaþings vestra skipaði á fundi sínum þann 12. janúar sl. um samþykktir og stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags.

Dagskrá:

1. Heimasíða.
2. Reglur og samþykktir.

Afgreiðslur:

1. Störf formanns frá síðasta fundi. Farið yfir drög að nýrri heimasíðu. Samþykkt að heimila verktaka að halda áfram vinnu við heimasíðuna á þeim grunni sem fyrir liggur.
2. a) Reglur um byggingu smáhýsa á íbúðarlóðum. Nefndin samþykkir tillögu skipulags- og umhverfisráðs um að fella ofangreindar reglur úr gildi sbr.gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
b) Afgreiddar reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli, reglur um frístundakort og farið yfir innkaupareglur. Afgreiðslu innkaupareglna frestað.
Samþykkt að næsti fundur verði haldinn 21. maí n.k.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.13:45

Leó Örn Þorleifsson(sign.),
Ragnar Smári Helgason(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.).

Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Sigurður Kjartansson(sign.).